

Markmið og tilgangur VIRK

- VIRK Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun stofnuð árið 2008 af helstu samtökum stéttarfélaganna og atvinnurekenda á vinnumarkaði.
- Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu.
- Tilgangur með þjónustu á vegum VIRK er að aðstoða fólk við að komast til vinnu. Um er að ræða markvissa einstaklingsmiðaða ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings.
- Markmið VIRK er að draga markvisst úr líkum á því að einstaklingar hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku.
- Rétt á þjónustu VIRK eiga þeir einstaklingar sem ekki sinnt starfi sínu að hluta eða öllu leyti eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsuþrengingar og eru með beiðni eða vottorð frá lækni og hafa það að markmiði að verða virkur þátttakandi á vinnumarkaði eða að auka þátttöku sína á vinnumarkaði.
- VIRK vinnur að starfsendurhæfingu samkvæmt lögum 60/2012 í samstarfi við stéttarfélög, atvinnurekendur, lífeyrissjóði, þjónustuaðila í starfsendurhæfingu og stofnanir velferðarkerfisins.


Starfsemi, árangur og ávinningur VIRK

- VIRK hefur byggt upp þverfaglegan starfsendurhæfingarferil, persónulega ráðgjöf og þjónustu sem hefur það markmið að koma einstaklingum til vinnu og byggt upp samstarf við aðrar stofnanir innan velferðarkerfisins.
- Þjónusta VIRK er til staðar á öllum helstu þéttbýlisstöðum landsins, er einstaklingsmiðuð og einstaklingum að mestu að kostnaðarlausu.
- Á vegum VIRK starfa 52 sérhæfðir ráðgjafar staðsettir hjá stéttarfélögum víða um land sem fylgja notendum þjónustunnar allan starfsendurhæfingarferilinn og hvetja þá áfram.
- VIRK á í miklu og góðu samstarfi við fagfólk um allt land, leggur áherslu á að nýta fagfólk á hverju svæði fyrir sig og þróa úrræði sem henta þeim fjölbreytta hópi sem nýta þjónustu VIRK.
- Um 500 þjónustuaðilar um allt land eru í samstarfi við VIRK um starfsendurhæfingarúrræði og keypt var þjónusta af þeim fyrir 1,2 milljarð króna árið 2017.

Árið 2017 komu 1.854 einstaklingar nýir inn í þjónustu VIRK og hafa ekki áður svo margir hafið starfsendurhæfingu á einu ári.

1.116 einstaklingar luku þjónustu, útskrifuðust, á árinu 2017.

Fjöldi nýrra í þjónustu pr ár og til 2.1.2018





Tæplega 15.000 einstaklingar hafa leitað til VIRK frá upphafi.

2.400 einstaklingar eru í starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK um allt land.

Yfir 70% þeirra sem leita til VIRK hafa ekki starfsgetu vegna andlegra sjúkdóma og/eða stoðkerfisvandamála.

Fjöldi útskrifta pr ár og til 2.1.2018



Undanfarin fimm ár hefur Talnakönnun HF metið ávinninginn af starfsemi VIRK.

14,1 milljarða ávinningur var af starfseminni 2017 og reiknaður meðalsparnaður á hvern útskrifaðan einstakling var 12,6 milljónir.

Þjónustukannanir VIRK sýna að þátttakendur eru undantekningalítið mjög ánægðir með þjónustuna og telja hana auka verulega bæði lífsgæði sín og vinnugetu.

Rúmlega 70% þeirra 8.700 einstaklinga sem útskrifast hafa frá VIRK eru virkir á vinnumarkaði við útskrift; þ.e. í vinnu, í atvinnuleit eða lánshæfu námi.

